

BORGARRÁÐ 6. október 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fargjaldahækkun Strætó – MSS22100068

Rekstur Strætó hefur verið í járnnum að undanfögnu. Hækkun fargjalds tók gildi 1. október. Gjaldskrá ungmenn í strætó hækka verulega eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin er um 60%. Árskort mun einnig hækka umtalsvert. Hér er verið að fara þveröfuga leið en stefnt var að sem var að frítt yrði í strætó fyrir börn. Óttast er að þessi gjaldskráhækkun mun hafa mest áhrif á börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn til meirihlutans í borgarstjórn um hvaða áhrif talið er að hækkun strætófargjalds sem tók gildi 1. október hefur á börn sem búa við fátækt? Einnig er spurt hvernig þessi hækkun samræmist loforði meirihlutans um ókeypis fyrir grunnskólabörn í strætó? Óskað er skýringa því þetta samræmist varla hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu og er sýnilega í hróplegri andstöðu við betri borg fyrir börn. Hætta er á að það muni aukast líkur á að foreldrar aki börnum sínum í tómsundur og ekki er það gott fyrir kolefnissporið.